



BA ritgerð
Félagsráðgjöf

Börn í þverþjóðlegum fjölskyldum

Áhrif aðskilnaðar

Lilja Sif Þórisdóttir

Guðbjörg Ottósdóttir
Júní 2015



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD

Börn í þverþjóðlegum fjölskyldum
Áhrif aðskilnaðar

Lilja Sif Þórisdóttir

150289-3199

Lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf

Leiðbeinandi: Guðbjörg Ottósdóttir

Aðstoðarleiðbeinandi: Edda Ólafsdóttir

Félagsráðgjafardeild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2015

Börn í þverþjóðlegum fjölskyldum

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf og óheimilt er að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Lilja Sif Þórisdóttir, 2015

Prentun: Svansprent
Reykjavík, Ísland, 2015

Útdráttur

Í þessari ritgerð verður fjallað um börn í þverþjóðlegum fjölskyldum. Um allan heim búa börn við þverþjóðlegar aðstæður þar sem annað eða báðir foreldrar flytja búferlum vegna atvinnu og börnin verða eftir í umsjá annarra aðila. Í þessum aðstæðum reyna foreldrar að sjá fyrir fjölskyldu sinni á betri hátt en mögulegt er í heimalandinu. Markmið ritgerðarinnar er skýra út hver áhrif slíks aðskilnaðar eru á börn í þverþjóðlegum fjölskyldum. Rannsóknir á þessu efni eru fremur nýjar af nálinni en rík ástæða er til þess að skoða þessar fjölskyldur og aðstæður þeirra enn frekar þar sem þverþjóðlegt fjölskylduform verður sífellt algengara um allan heim. Í ritgerðinni verður einnig fjallað um starfsaðferðir félagsráðgjafa þegar kemur að því að aðstoða einstaklinga í fjölmennings- og þverþjóðlegum aðstæðum. Félagsráðgjöf er tilvalin starfstétt til að starfa að málefnum þessara einstaklinga þar sem grundvöllur félagsráðgjafa er að vinna út frá heildarsýn einstaklingsins við að bæta aðstæður hans. Út frá heildarsýn skoðar félagsráðgjafinn bæði nær- og fjærumhverfi einstaklingsins og getur með þeim aðferðum veit einstaklingnum hjálp til sjálfshjálpar.

Efnisyfirlit

Útdráttur	3
Efnisyfirlit	4
1 Inngangur	5
2 Hugtök og skilgreiningar	7
3 Þverþjóðlegar fjölskyldur	9
3.1 Af hverju eiga búferlaflutningar sér stað?	10
3.2 Samskipti þverþjóðlegra fjölskyldna	11
4 Áhrif aðskilnaðar í þverþjóðlegum fjölskyldum	13
4.1 Tvírænn missir	15
4.2 Börnin	16
4.2.1 Feður í burtu	18
4.2.2 Mæður í burtu	20
5 Félagsráðgjöf	22
5.1 Fjölmenningarfræðileg úrræði og starfsaðferðir	23
5.1.1 Vistfræðikenningin	24
5.1.2 Styrkleikakenningin	25
5.1.3 Valdefling	26
6 Þverþjóðleg staða á Íslandi	27
7 Umræður og lokaorð	31
Heimildaskrá	36

1 Inngangur

Fólksflutningar hafa átt sér stað frá örófi alda. Á síðustu 10–15 árum hafa fólksflutningar milli landa enn aukist og þróast á sama tíma og peningasendingar til heimalanda hafa margfaldast (Unnur Dís Skaptadóttir, 2010-a). Fólksflutningar ná yfir 3% af heiminum (United Nations, 2013). Áður fyrr voru karlar í miklum meirihluta þeirra sem fluttu búferlum en tímarnir hafa breyst og konur eru nú orðnar stór hluti af fólksflutningum heimsins. Nýjustu tölur frá Sameinuðu þjóðunum sýna að árið 2013 voru konur 48% af fólksflutningum heimsins (Parreñas, 2001; United Nations, 2013). Í gegnum tíðina hafa konur jafnt sem og karlar flust bæði innan landa og út fyrir landamæri í leit að atvinnu til að bæta lífskjör fjölskyldu sinnar sem eftir verður í heimalandinu. Við þær aðstæður skapast þverþjóðlegar fjölskyldur (Schapiro, Kools, Weiss og Brindis, 2013). Algengt form af þverþjóðlegum barnafjölskyldum er þegar annað eða báðir foreldrar flytja búferlum til annars lands og á meðan dvelja börnin í umsjá annarra umönnunaraðila í heimalandinu. Þessir umönnunaraðilar geta verið annað foreldrið, ættingjar eða í sumum tilvikum aðili ótengdur fjölskyldunni (Mazzucato, 2014). Í þessari ritgerð verður fjallað um slíkt form þverþjóðlegra fjölskyldna.

Afleiðing þeirrar hnattvæðingar sem við búum við í dag er að ríkari þjóðir heims sækjast eftir ódýru vinnuafli frá þeim fátækari. Lífskjör og aðstæður í heimalandi þeirra einstaklinga sem flytjast milli landa eru oft bágur og margir telja sig ekki eiga valkost um hvort þeir eigi að vinna erlendis eða í heimalandinu til þess að sjá efnahagslega fyrir fjölskyldunni (Mazzucato, 2014).

Töluvert er til af rannsóknum sem snúa að þverþjóðlegum fjölskyldum og efnahagslegum aðstæðum þeirra en minna er um rannsóknir sem hafa skoðað áhrif á tilfinningaleg tengsl og líðan barna sem eftir verða í heimalandinu og þau áhrif sem landfræðileg fjarlægð hefur á tengsl þeirra við foreldra. Með aukinni meðvitund um tilvist þessara fjölskyldna bæði á sviði fræða og stefnumála hafa komið fram áhyggjur af áhrifum aðskilnaðar á líðan og velferð barnanna. Börn foreldra sem flytja búferlum eru vaxandi málaflokkur sem huga þarf að og skoða þarf hvaða áhrif þessir fólksflutningar hafa á þau (Mazzucato, 2014).

Þegar kemur að þeim flóknu breytingum sem verða á fjölskyldutengslum sökum hnattvæðingar skapast oft vandamál í lífi fólks og því er mikilvægt að auka meðvitund

meðal fagfólks á breyttum aðstæðum (Negi, Furman og Salvador, 2010). Sé litið til grundvallarmarkmiða félagsráðgjafa má ætla að þeir séu ákjósanlegir fagaðilar til að veita fólki aðstoð í þessum aðstæðum. Markmið þeirra eru að mæta fólki þar sem það er satt, í þeirra aðstæðum og á þeirra forsendum. Hlutverk þeirra er að hjálpa einstaklingum til sjálfshjálpar og vinna gegn mannréttindabrotum. Með heildarsýn að leiðarljósi vinna félagsráðgjafar út frá einstaklinginum í umhverfi hans og þeim aðstæðum sem kunna að hafa áhrif á líf hans (Embætti landlæknis, e.d.).

Markmið þessarar ritgerðar er að leitast eftir því að svara eftirfarandi rannsóknarspurningum: Hver eru áhrif aðskilnaðar á börn í þverþjóðlegum fjölskyldum? Hver er vinna félagsráðgjafa þegar kemur að fjölskyldum í þverþjóðlegum aðstæðum? Til að svara þessum spurningum verður fjallað um veruleika þessara þverþjóðlegru fjölskyldna og barnanna sem tilheyra þeim. Börn í þverþjóðlegum fjölskyldum verða skilgreind sem einstaklingar 18 ára eða yngri sem búa við þær aðstæður að annað eða báðir foreldrar búa og starfa erlendis en börnin eru áfram búsett í heimalandi sínu í umsjá annars foreldris eða annarra umönnunaraðila. Einnig verður fjallað um áherslur í starfi félagsráðgjafa með einstaklingum og fjölskyldum sem búa við fjölmennningarlegar og þverþjóðlegar aðstæður.

Ritgerðin skiptist í fjóra meginhluta, auk inngangs, hugtakaskilgreininga og umræðna. Í þriðja kafla verður skilgreint hvað þverþjóðlegar fjölskyldur eru og fjallað um helstu ástæður fyrir búferlaflutningum og samskipti þverþjóðlegru fjölskyldna. Í fjórða kafla verður fjallað um áhrif aðskilnaðar á börn í þverþjóðlegum fjölskyldum þar sem tekið verður fyrir hvort munur sé á áhrifum aðskilnaðar þegar feður annars vegar og mæður hins vegar flytja búferlum. Í fimmta kafla verður fjallað um starfsaðferðir í félagsráðgjöf þegar kemur að því að starfa með einstaklingum og fjölskyldum í fjölmenningar- og þverþjóðlegum aðstæðum. Í sjötta og síðasta kafla ritgerðinnar verður stiklað á stóru þegar kemur að þverþjóðlegum aðstæðum á Íslandi.

2 Hugtök og skilgreiningar

Í þessum kafla verða skilgreind helstu hugtök sem fram koma í ritgerðinni til þess að öðlast betri skilning á merkingu þeirra og notkun í köflunum sem á eftir koma.

Þverþjóðleiki (e. transnationalism): Í þessari ritgerð verður hugtakið skilgreint út frá samskiptum milli þjóðríkja. Þverþjóðleiki lýsir því að þrátt fyrir mikla fjarlægð milli þjóðríkja, mismunandi laga- og reglnaumhverfi ásamt sögu og menningu eiga sér stað ákveðin samskipti á milli einstaklinga og samfélaga þvert á landamæri þjóðríkja. Samskiptin geta til dæmis falist í efnahagslegum tengslum, snúið að fjárstreymi og vöruskiptum eða pólitískum og félagslegum samskiptum og tengslum. Fjölskyldur geta verið í nánum tengslum og samskiptum þvert á landamæri þjóðríkja og fjallað er um slíkar fjölskyldur sem þverþjóðlegar fjölskyldur (e. transnational families). Samskipti og tengsl fjölskyldumeðlima á milli þjóðríkja er það sem verður einblínt á í þessari ritgerð (Vertovec, 1999).

Hnattvæðing (e. globalization): Hnattvæðing hefur skapað aukna alþjóðasamtengingu milli fólks um allan heim vegna hraðrar þróunar efnahags-, pólitískra og menningarkerfa. Heimurinn er sítengdur, flutningsmöguleikar og samskiptatækni er orðin mun meiri og hraðari en áður og samskipti heimsins þróast sífellt í átt að einföldun (Karraker, 2007).

Búferlaflutningar (e. migration): Hér er átt við þegar einstaklingar flytjast frá einu landsvæði til annars. Ástæðan er í flestum tilfellum leit einstaklinga að betri lífskjörum, til að mynda leit að atvinnu og aukinni velferð einstaklinga og fjölskyldna þeirra (Vífill Karlsson og Kolfinna Jóhannsdóttir, 2010).

Farandverkafólk (e. migrant workers): Er fjölbreyttur hópur einstaklinga sem flytja búferlum til annars lands og setjast þar að vegna atvinnu. Í mörgum iðnríkjum heims eru farandverkafólk mikilvæg uppistaða ófaglærðs vinnuafls. Einnig er farandverkafólk mikilvæg uppistaða vinnuafls með sérfræðipækkingu í þróaðari ríkjum heims (Vinnuverndarstofnun Evrópu, e.d.).

Aðskilnaður (e. separation): Aðskilnaður getur skapast af mörgum ástæðum, meðal annars vegna iðkunar náms eða vinnu. Einnig geta breytingar á fjölskyldusamböndum og -aðstæðum leitt til aðskilnaðar, til dæmis sjúkdómar, hjónaskilnaður eða aðrir árekstrar innan fjölskyldunnar. Hér verður einblínt á aðskilnað

sem á sér stað við búferlaflutninga foreldra þar sem börn og foreldar skiljast að til lengri eða skemmri tíma (Bernhard, Landolt og Goldring, 2005).

3 Þverþjóðlegar fjölskyldur

Þverþjóðlegar fjölskyldur er að finna um allan heim (Furman, Negi, Schatz og Jones, 2008). Þetta eru fjölskyldur sem búa við stuttan eða langvarandi aðskilnað en viðhalda oft nánnum samskiptum og tengslum sínum á milli. Þær skapa ákveðið fjölskylduform sem tengist milli tveggja staða eða fleiri (Bryceson og Vuorela, 2002). Algengt form þessara fjölskyldna er þegar annað eða báðir foreldrar flytja búferlum og börnin verða eftir í heimalandinu hjá öðrum umönnunaraðila. Umönnunaraðilinn getur verið annað foreldrið, annar fjölskyldumeðlimur eða í sumum tilfellum utanaðkomandi aðili. Þessi tilhögun fjölskyldna getur ráðist af strangri stefnu í innflytjendamálum í því landi sem flust er til þar sem þröng skilyrði eru fyrir fjölskyldusameiningu. Í öðrum tilvikum velja fjölskyldur slíkt fyrirkomulag, það er að segja að flytja ekki saman, til dæmis í samfélögum þar sem ættingjar gegna mikilvægu hlutverki í uppeldi barna (Furman o.fl., 2008). Í þeim aðstæðum og móttökulöndum þar sem lagalegur möguleiki er á sameiningu fjölskyldna kemur atvinna foreldranna, sérstaklega mæðra, oft í veg fyrir að þær treysti sér til að fá börnin til sín. Vinnudagur þeirra getur verið svo langur að þær sjá sér ekki fært að stunda bæði vinnu og annast börnin (Parreñas, 2001).

Rannsóknir á fjölskyldutengslum einskorðuðust áður við kjarnafjölskyldur og þær fjölskyldur sem bjuggu á sama stað. Tengsl fjölskyldna sem bjuggu á mismunandi svæðum og þjóðríkjum, það er í landfræðilegri fjarlægð eins og á við í þverþjóðlegum fjölskyldum, voru áður ekki álitin rannsóknarefni. Í fyrstu snéru rannsóknir á þverþjóðlegum fjölskyldum að þeim efnahagslegu aðstæðum sem breytast við fólksflutninga í stað þess að skoða áhrifin sem þessar aðstæður hafa á einstaka meðlimi innan fjölskyldunnar (Mazzucato, 2014).

Með vaxandi vitundarvakningu á aðstæðum þverþjóðlegra fjölskyldna hafa rannsóknir aukist á þessu sviði og margir hafa áhyggjur af áhrifum aðskilnaðar á velferð barna sem eftir verða í heimalandinu. Áhyggjurnar ná til lífs- og sálavelferðar þeirra og því er talið mikilvægt að skoða hvernig fólksflutningar hafa áhrif á líðan og tengsl barna við foreldra (Furman og fl., 2008). Rannsóknir á þverþjóðlegum fjölskyldum hafa beinst í auknum mæli að áhrifum á tengsl milli foreldris og barns. Í dag eru rannsóknir á þverþjóðlegum fjölskyldum einnig gerðar út frá sjónarhorni þess sem flyst búferlum og könnuð eru áhrif fjarlægðar á tengsl við fjölskylduna og samfélagið í heimalandinu. Oftar

en ekki heldur sá brottflutti áfram að taka þátt í fjölskyldunni og viðheldur tilfinningalegri nánd við heimilið og heimalandið (Mazzucato, 2014). Sumir einstaklingar tala um að tilheyra ólíkum samfélögum á tveimur stöðum á meðan aðrir segja að þeir taki þátt í einu samfélagi en tilheyri öðru. Báðir staðir, þeirra fyrra heimili og núverandi, verða einstaklingnum lífsnauðsynlegir en á ólíkan hátt (Unnur Dís Skaptadóttir, 2010-b). Við hvaða aðstæður verða þverþjóðlegar fjölskyldur til? Í næsta kafla verður sjónum beint að þeirri spurningu og velt vöngum yfir því hvað verður til þess að foreldrar flytji búferlum.

3.1 Af hverju eiga búferlaflutningar sér stað?

Af hverju eiga búferlaflutningar sér stað? Ekki er til neitt einsleitt svar við þessari spurningu en ástæðurnar fara oft eftir því hvaða stétt viðkomandi tilheyrir. Þeir sem tilheyra efri og miðstétt flytja oft milli landa í þeim tilgangi að mennta sig eða auka starfsreynslu og sækjast eftir ákveðnum starfsframa. Þeir fátækari og þeir sem tilheyra lægri stéttum flytjast á milli staða til að sjá fyrir fjölskyldum sínum í heimalandinu (Schmalzbauer, 2008). Hér verður fjallað um þær fjölskyldur sem koma úr lægri stéttum samfélagsins og fjölskyldumeðlimir, oftast foreldrar, flytja milli staða í von um betri lífaðstæður fyrir sig og fjölskyldu sína.

Kenningar um hagstæða búferlaflutninga (e. economic migration) fjalla um einstaklinga sem flytja til að afla fjölskyldunni tekna og sjá fjölskyldu sinni farborða og ákvörðunin er því tekin á forsendum skynseminnar. Margir meta bæði kosti og galla þess að flytja í burtu frá fjölskyldu sinni og ganga úr skugga um að brottflutningurinn sé arðbær fyrir þá og fjölskyldur þeirra (Boski, 2013). Einstaklingur flytur til lands þar sem framboð er á vinnu og hærri laun í boði en í heimalandinu. Þegar atvinnutækifærin minnka í því landi sem einstaklingur hefur flust til taka margir þá ákvörðun að yfirgefa landið í leit að atvinnu annars staðar (Wojtyńska og Zielińska, 2010).

Vandamál fjölskyldna í fátækari ríkjum heims snúast um að hafa atvinnu til að geta framfleytt sér og tryggt andlega, tilfinningalega og líkamlega heilsu einstaklinga innan fjölskyldunnar. Þetta er raunin í mörgum löndum heims þar sem foreldrar þurfa í auknum mæli að leita að atvinnu erlendis til að tryggja fjölskyldu sinni farborða, kosta menntun barna sinna og veita fjölskyldunni góða heilbrigðisþjónustu. Á meðan þverþjóðlegar fjölskyldur myndast vegna fátæktar og skorts á atvinnumöguleikum á

suðurhveli jarðar myndast þær einnig vegna þess að atvinnumarkað á norðurhveli skortir vinnuáfl en með hnattvæðingunni eru þessir tveir kerfisbundnu efnahagsheimar bundnir saman (Parreñas, 2005).

Búferlaflutningar eru þó ekki alfarið efnahagslegt fyrirbæri. Þrátt fyrir að efnahagsleg hvatning sé hvað mest áberandi í þessum aðstæðum flytur fólk oft vegna persónulegra aðstæðna og félagslegt og menningarlegt samhengi skiptir einnig máli. Ákvarðanir einstaklingsins um að flytja búferlum eru ekki aðeins teknar út frá þeirri forsendu að aðstæður hans og fjölskyldu hans munu með vissu breytast heldur einnig út frá trú einstaklingsins og væntingum hans til þeirra breyttu aðstæðna sem vonast er eftir (Wojtyńska og Zielińska, 2010).

3.2 Samskipti þverþjóðlegra fjölskyldna

Eins og áður hefur komið fram nær fjölskyldulíf þverþjóðlegra fjölskyldna yfir landamæri og fjölskyldurnar eru tengdar en þó á allt annan hátt en þær sem búa saman (Unnur Dís Skaptadóttir, 2010-b). Regluleg samskipti þverþjóðlegra fjölskyldna eru lykillinn að því að halda fjölskyldunni samrýmdri þrátt fyrir mikla fjarlægð og þau eru einnig miðpunkturinn í uppeldi barna þegar foreldrar hafa flutt búferlum (Zentgraf og Chinchilla, 2012). Margar rannsóknir sýna að foreldrar gera gjarnan áætlun til að viðhalda reglulegu sambandi við börnin sín. Áætlunin einkennist af reglulegum símhringingum heim og nú spilar tæknin stærra hlutverk en áður (Schapiro og fl., 2013). Reglulegu og jafnvel daglegu sambandi er viðhaldið í gegnum netsamskipti og með nútímataekni Internetsins geta brottfluttir fjölskyldumeðlimir tekið þátt í daglegu lífi fjölskyldunnar í heimalandinu. Í rannsókn Unnar Dísar Skaptadóttur, sem fjallaði um sameiningu og fjölþjóðlegar venjur Filippseyinga á Íslandi, kom fram að flestir þeirra einstaklinga notuðu Internetið aðallega í þeim tilgangi að halda sambandi við ættingja sína (Unnur Dís Skaptadóttir, 2010-b).

Í þverþjóðlegum fjölskyldum fellur það oft í hlut brottfluttra foreldra að hafa samband heim. Oft spilar inn í þessar aðstæður mikill tímamismunur á heimalandinu og því landi sem foreldri hefur flutt til sem gerir að verkum að erfiðara er að halda reglulegu sambandi. Einnig er tímarammi vinnandi foreldra oft naumur þar sem vinnuálag er mikið svo ekki gefst tími til að hafa samband heim og það verður til þess að ekki er hægt að hafa eins oft samband og óskað er (Parreñas, 2001). Í þverþjóðlegum

fjölskyldum geta samskipti milli foreldra og barna verið tilfinningaþrungin. Mörgum börnum þykja símtölin við foreldrana erfið þar sem þau deila ekki daglegu lífi sem þau geta talað um. Einnig reynast samskiptin erfið ef börnin hafa daufar eða óljósar minningar um foreldrið sem er í burtu. Það veldur því oft að þau vilja ekki eiga í samskiptum við foreldrið sem er í burtu (Schapiro og fl., 2013).

Tækni og hnattvæðing hefur því hjálpað mörgum þverþjóðlegum fjölskyldum að halda daglegu sambandi. Þessir þættir fara þó alfarið eftir því hvernig aðstæðurnar eru í löndunum sem fólk býr í. Tækniþróun er ekki komin jafn langt í öllum löndum heims. Foreldri sem hefur flust til annars lands í leit að atvinnu og hefur þar góðan aðgang að Interneti og annarri nútímasamskiptatækni getur komið frá landi þar sem slík tækni er aðeins á byrjunarstigi og slíkt gerir samskiptamynstur fjölskyldunnar erfitt (Furman og fl., 2008).

Fyrir marga eru flugferðir og aðrar ferðir til heimalandsins mjög kostnaðarsamar því fjarlægðin milli landa getur verið mikil og í mörgum tilfellum þurfa einstaklingar að ferðast á milli heimsálfa. Sökum þess segjast þeir Filippseyjingar sem tóku þátt í rannsókn Unnar Dísar ekki ferðast oft á milli Íslands og Filippseyja en þegar þeir gera það dveljast þeir hjá fjölskyldum sínum í lengri tíma. Mörgum einstaklingum sem búa langt í burtu frá fjölskyldu sinni finnst mikilvægt að að hitta fjölskylduna á ákveðnum tímapunktum, sérstaklega til að sjá veika ættingja og mæta í brúðkaup eða jarðarfari (Unnur Dís Skaptadóttir, 2010-b).

4 Áhrif aðskilnaðar í þverþjóðlegum fjölskyldum

Fjölmargir fræðimenn hafa rannsakað búferlaflutninga hjá fólki víðs vegar að úr heiminum og hafa þá sérstaklega tekið til skoðunar líkamlega og andlega þætti fólksins, svo og fjölskyldulíf þeirra sem eiga fjölskyldur í fleira en einu landi. Eins og áður hefur komið fram hefur áhuginn á atriðum er varða þá fjölskyldumeðlimi sem verða eftir og þau áhrif sem búferlaflutningar og þverþjóðleiki fjölskyldna hefur á fjölskyldukerfið sem fyrir er nýlega aukist (Furman o.fl., 2008). Í þessum kafla verður fjallað um áhrif aðskilnaðar á börn í þverþjóðlegum fjölskyldum sem eftir verða í heimalandinu þegar foreldrar þeirra flytja búferlum.

Aðskilnaður fjölskyldumeðlima sem orsakast af búferlaflutningum vegna efnahagslegra ástæðna verður þegar tilgangurinn er að bæta efnahagsaðstæður fjölskyldunnar. Nærvera beggja foreldra er nauðsynleg fyrir uppvöxt barna (Matyjas, 2011) og flestar rannsóknir á þverþjóðlegum fjölskyldum sem einblína á velferð barna leiða í ljós að börn verða fyrir neikvæðum áhrifum við búferlaflutning foreldra. Rannsóknir á mexíkóskum börnum sýna að þau upplifa að þau hafi verið yfirgefin af foreldrum sínum. Þau þróa með sér ákveðið hegðunarmynstur þar sem þau reyna að „hefna“ sín á foreldrum sínum. Yngri börnin eiga það til að neita að tala við foreldra sína í símann og eldri börnin hunsa forræði foreldranna. Nýlega hafa rannsóknir í barnasálfræði og fjölskyldufélagsfræði rannsakað þverþjóðlegar fjölskyldur með eiginlegum rannsóknaraðferðum og þær rannsóknir hafa að vissu leyti staðfest þessa neikvæðu útkomu hvað varðar hegðun barna sem eiga foreldra sem eru búsettir í öðru landi (Mazzucato, 2014).

Óháð fjölskylduformi skapast oft ágreiningur innan fjölskyldna. Í þverþjóðlegum fjölskyldum getur skapast tilfinningalegur ágreiningur milli fjölskyldumeðlima vegna landfræðilegrar fjarlægðar. Tilfinningarnar sem um ræðir eru meðal annars einmanaleiki, óöryggi, viðkvæmni og varnarleysi. Börnin þarfnast aukinnar nándar við það foreldri sem flutt hefur í burtu. Sum eiga erfitt með að skilja ástæðuna á bak við ákvörðun foreldrisins um að flytja í burtu og skapa ákveðinn aðskilnað þeirra á milli. Mörg börn vilja að foreldrar þeirra deili frekar með þeim daglegu lífi í stað þess að flytja í burtu og að foreldrarnir séu til staðar þegar börnin þurfi á þeim að halda (Parreñas, 2001).

Fram kemur í ýmsum viðtalsrannsóknum sem gerðar hafa verið á foreldrum, umönnunaraðilum og börnum að aðskilnaður barns og foreldris getur verið sársaukafullur. Foreldrar líta á aðskilnaðinn sem fórn í þágu barnanna en börnin, sem eiga að njóta góðs af fórn og fjarveru foreldra sinna, upplifa hann ekki alltaf á þann veg. Börnin sýna ákveðin viðbrögð og upplifa vissar tilfinningar þegar foreldri flytur í burtu, meðal annars finna þau fyrir reiði, vanmætti, afskiptaleysi af hálfu foreldra og einnig þjást sum hver af líkamlegum verkjum í kjölfar aðskilnaðarins. Rannsóknir hafa sýnt að börn hafa upplifað að þeim hafi ekki verið sagt satt og rétt frá því hvenær foreldrar hyggist flytja eða þeirri staðreynd að foreldrarnir séu yfirhöfuð að flytja til annars lands. Þeim er til dæmis sagt að foreldrar þeirra hafi farið út að sinna ákveðnum erindum eða að þau séu að vinna á öðrum stað í heimalandinu. Þessar misvísandi upplýsingar sem börnunum eru gefnar, þar sem þau fá engan undirbúning áður en foreldrar flytja í burtu, geta orsakað tilfinningalega vanlíðan (Schapiro o.fl., 2013). Aðrar rannsóknarniðurstöður undirstrika mikilvægi þess að börn séu upplýst um flutningsferli foreldra sem er í bígerð. Mæður leggja meira upp úr því að undirbúa börnin fyrir brottför þeirra en feður en þeir eiga það til að yfirgefa heimilið án þess að kveðja í von um það þeir muni þá ekki særa börnin. Með því að upplýsa börnin og undirbúa þau fyrir komandi búferlaflutninga foreldra má draga úr tilfinningalegu ójafnvægi barnanna sem aðskilnaðurinn getur haft áhrif á. Talið er að ef börn eru vel undirbúin fyrir aðskilnaðinn og ef ástæður flutninganna eru settar upp sem tímabundnar en jafnframt nauðsynlegar fyrir fjölskylduna verði mun viðráðanlegra fyrir börnin að takast á við aðskilnaðinn og það dragi úr líkum þess að þau upplifi sig yfirgefin. Mæður gæta þess frekar að ræða við börnin um hugmyndina um búferlaflutninga eins fljótt og hægt er, sérstaklega þegar börnin hafa aldur og þroska til að taka við slíkum upplýsingum og skilja þær. Þau hafa þar af leiðandi flest vitneskju um hvernig ferlið muni ganga fyrir sig og í umsjá hvaða aðila þau verða á meðan (Zentgraf og Chinchilla, 2012).

Áður en lengra verður haldið í að fjalla um áhrif aðskilnaðar á börn í þverþjóðlegum fjölskyldum verður kenningin um tvíræðan missi skoðuð en hún var sett fram af Pauline Boss. Þessi kenning lýsir vel því tilfinningalega ferli sem börn ganga í gegnum þegar foreldrar þeirra flytja búferlum. Mikilvægt er að setja það í samhengi við líðan þessara barna þegar unnið er með börnum, foreldrum og öðrum umönnunaraðilum sem eru hluti af þverþjóðlegum fjölskyldum.

4.1 Tvírænn missir

Tvíræður missir (e. ambiguous loss) er skilgreindur sem sorg sem er óljós, annaðhvort vegna þess að niðurstaðan er óþekkt eða vegna þess að samböndin sem eiga hlut að máli eru tvíræð. Samkvæmt kenningu Boss um tvíræðan missi eru til tvær gerðir af slíkum missi, annars vegar þegar fjölskyldumeðlimur er líkamlega fjarverandi en sálfræðilega til staðar, til dæmis í tilfalli einstaklings sem er saknað eða eftir skilnað foreldra eða búferlaflutninga foreldris til annars lands. Hin gerðin af tvíræðum missi er þegar fjölskyldumeðlimur er líkamlega til staðar en andlega fjarverandi. Hér er átt við þegar einstaklingur þjáist til dæmis af elliglöpum eða heilaskaða (Schapiro o.fl., 2013).

Flestir geta sagst hafa upplifað tvíræðan missi til dæmis eftir að hafa slitið sambandi við maka eða átt aldraða foreldra eða börn sem flutt eru að heiman. Aðrir hafa upplifað mun hörmulegri atburði þegar kemur að tvíræðum missi, svo sem þjóðarmorð, þrælkun, dularfull mannshvörf eða geðræn veikindi. Út frá kenningu sinni um tvíræðan missi telur Boss að breytingar eða ógn yfirvofandi breytinga geti valdið kvíða er varðar væntingar til hlutverka og verkefna innan fjölskyldukerfisins. Breyttar aðstæður eru þá álitnar veiki hlekkurinn en ekki fjölskyldan sjálf. Kvíðinn sem myndast við tvíræðan missi varir þar sem enginn auðsær endir er á sorgarferlinu og óvissa ríkir um hvenær missinum lýkur. Kenningin var þróuð eftir vinnu Boss með fullorðnum fjölskyldumeðlimum en þrátt fyrir það hefur hún verið notuð sem leiðarvísir í vísindalegum rannsóknum á börnum sem eiga foreldra í fangelsi, börnum í fóstri eða flóttabörnum. Rannsóknir sýna að kenningin geti aðstoða fagmenn á vettvangi með því að reyna að skilja óreiðuna, hjálparleysið og reiðina sem hefur blossað upp hjá þessum börnum sem eðlileg viðbrögð þeirra við þessum aðstæðum fremur en skaðleg. Þetta sjónarhorn getur leitt til gagnlegs inngrips þegar kemur að fagaðilum að aðstoða þessi börn (Schapiro o.fl., 2013).

Kenningin getur verið gagnleg fyrir fagfólk þegar kemur að því að vinna með börnum og fjölskyldum sem lifa við eða hafa lifað við langvarandi aðskilnað eða eru að aðlagast eftir sameiningu, líkt og gerist í þverþjóðlegum fjölskyldum (Schapiro o.fl., 2013). Með kenningu Boss í huga skapast ákveðinn skilningur á tilfinningalegu ferli barna í þverþjóðlegum fjölskyldum. Hér á eftir verður fjallað nánar um börn í þverþjóðlegum fjölskyldum og áhrifin sem þau upplifa við slíkar aðstæður.

4.2 Börnin

Í þverþjóðlegum barnafjölskyldum geta komið upp tilfelli þar sem fjölskyldan sem heild nær ekki að viðhalda ákveðnum fjölskylduböndum sem voru til staðar fyrir búferlaflutninga foreldra. Afleiðingar þess geta komið fram í ósæmilegri hegðun barna sem hefur áhrif á félagsleg tengsl þeirra, sem í mörgum tilfellum eru tengslin milli fjölskyldumeðlima. Božena Matyjas (2011) fjallar um þrjá þætti sem eru grundvallaratriði til að viðhalda viðeigandi tengslum innan fjölskyldna en þeir eru nálægð foreldra, tíminn sem fjölskyldan ver saman og sameiginleg þátttaka í daglegu amstri.

Laura Assmuth og Aija Lulle unnu saman að rannsókn um þverþjóðlegar fjölskyldur í Evrópu og lögðu áherslu á sjónarhorn barnanna. Þær notuðust meðal annars við etnógrafískar rannsóknaraðferðir þar sem þær deildu daglegu lífi með þátttakendum rannsóknarinnar og ferðuðust með þeim milli heimalandsins og þess lands sem þeir höfðu flust til. Í ljós kom að ákvörðun foreldra um til hvaða lands þeir flyttu stjórnaðist af framtíð barnanna. Það að líða vel sem fjölskylda og veita börnunum góðar lífsaðstæður þýddi ekki alltaf að dvelja saman á einum stað heldur fremur að skipuleggja fjölskyldulífið, hvort sem það var í einu landi undir sama þaki eða á stöðugri hreyfingu. Unglingar sem ólust upp með ættingjum í heimalandinu fullorðnuðust fljótt og í sumum tilvikum sameinuðust þau foreldrum sínum erlendis um leið og þau höfðu aldur til og fóru þangað sjálf til að stunda atvinnu (Lulle og Assmuth, 2013).

Í niðurstöðum rannsóknar sem gerð var á börnum í þverþjóðlegum fjölskyldum frá Rúmeníu kom fram að í flestum tilfellum urðu börnin eftir í Rúmeníu í umsjá mæðra sinna eða annarra kvenkyns ættingja. Börnin voru virkir þátttakendur í ákvarðanatökum á heimilinu á meðan foreldrarnir voru í burtu. Foreldrahlutverkinu var því stöðugt deilt á milli eldri ættingja heima fyrir, barnanna sjálfra og foreldranna sem sinntu sínu hlutverki þvert á landamæri (Lulle og Assmuth, 2013). Einnig kom fram í rannsókninni að börn ímynduðu sér staðina sem foreldrarnir dvöldu á og hringdu frá. Algengt er að foreldrar frá Rúmeníu flytji til Finnlands eða annarra landa í Vestur-Evrópu og börnin ímynduðu sér hvar foreldrar þeirra ynnu og byggju og á þann hátt tengdu þau Vestur-Evrópu við þeirra eigin framtíð. Eldri börnin jafnt sem þau yngri tengdu atvinnu á vinnumarkaðnum erlendis við bætt lífskjör í heimalandinu og út frá því ímynduðu þau sér að þegar þau

yrðu orðin nógu gömul til að flytja búferlum og sjá fyrir eigin fjölskyldu myndu þau gera slíkt hið sama. Hreyfanleiki og þróun þverþjóðlegra fjölskyldna í Evrópu er því að breytast frá því að miðast eingöngu við áætlun sem felur í sér að tryggja tekjur mánaðarlega í að verða lífstíll sem varðveitist frá einni kynslóð til annarrar (Lulle og Assmuth, 2013).

Matyjas hefur kynnt kenningarlega nálgun á stöðu pólskra barna í þverþjóðlegum fjölskyldum sem alast upp án annars eða beggja foreldra. Þessi börn eru oft kölluð „Euro-orphans“. Þau lifa við bágstaddir aðstæður eftir að annað eða báðir foreldrar hafa flust frá Póllandi til að vinna erlendis og upplifa sig yfirgefin af foreldrum sínum. Áætlað var árið 2009 að börn í 110.000 pólskum fjölskyldum væru alin upp án að minnsta kosti annars foreldrisins sem hefði flutt til annars lands vegna efnahagslegra ástæðna. Af því leiðir að fimmta hvert barn í Póllandi stendur frammi fyrir þeirri áskorun að vera „Euro-orphan“ (Matyjas, 2011).

Pólski fræðimaðurinn Danilewicz gerði rannsókn árið 1995 og aftur árið 2005 á aðstæðum yfirgefina barna og áhrifunum sem flutningur foreldra hefði á sambönd fjölskyldunnar. Danilewicz greindi bæði jákvæðar og neikvæðar afleiðingar þess þegar foreldrar flytja búferlum vegna atvinnu erlendis. Jákvæðu hliðar málsins voru meðal annars bættur efnahagur fjölskyldunnar sem skilaði sér í auknum fjárhagsstyrk fyrir börnin á fullorðinsárunum, betri menntunarmöguleikum og auknu sjálfstæði barnanna. Neikvæðu hliðarnar voru töluvert fleiri en í niðurstöðum Danilewicz komu fram 11 slík atriði. Þau voru meðal annars að fjarvera foreldris frá daglegu lífi barnsins hefur neikvæð áhrif á barnið, skortur verður á fullnægjandi uppeldi barna þegar báðir foreldarnir eru í burtu og stöðugleiki í lífi barnanna er minni sökum sveiflukenndrar viðveru foreldra sem starfa erlendis. Einmanaleiki er tilfinning sem börn geta upplifað þegar foreldri, sérstaklega móðir, er í burtu. Sterk einmanaleikatilfinning hjá börnum í þverþjóðlegum fjölskyldum getur valdið alvarlegri tilfinningalegri röskun á þroska þeirra en einmanaleiki er orsakavaldur dapurleika, höfnunar, ótta, martraða, kvíða, þunglyndis, lystarleysis og margs annars (Matyjas, 2011).

Í Kína er algengt að foreldrar af landsbyggðinni flytji til borga vegna atvinnumöguleika þar og börnin verða eftir í umsjá annars umsjónaraðila sem getur verið annað foreldrið, afar og ömmur eða aðrir ættingar. Einnig kemur fyrir að börnin

búi ein án umsjónaraðila. Börnin sjá foreldra sína yfirleitt aðeins einu sinni á ári þegar sjö daga vorhátíð Kínverja gengur í garð. Aðra tíma ársins hafa þau samband við foreldra í gegnum síma, bréf og Internetið ef það stendur þeim til boða. Í Kína er flutningur foreldra til borganna félags- og hagfræðilegt fyrirbæri. Rannsókn He og félaga sýndi að börn frá Kína upplifa umtalsverð heilsuvandamál vegna aðskilnaðar við foreldra og eru í meiri hættu á að upplifa þunglyndi. Aldur er mikilvægasti þátturinn þegar kemur að tíðni þunglyndis almennt. Á unglingsárunum þegar miklar breytingar eiga sér stað, bæði andlega og líkamlega, eru einstaklingar berskjaldaðari fyrir ákveðnum þáttum. Það spilar að vissulega inn í þessar rannsóknarniðurstöður He og félaga en þegar aðskilnaður við foreldra á sér stað um svipað leyti eru líkurnar á þunglyndi enn meiri. Rannsóknarniðurstöðurnar leiddu einnig í ljós að félagslegur stuðningur og áframhaldandi tengslamyndun barna og foreldra, þrátt fyrir mikla landfræðilega fjarlægð, eru mikilvægur varnarþáttur gegn andlegri vanlíðan hjá börnum (He, Fan, Liu, Li Wang, Williams og Wong, 2012).

Þegar öllu er á botninn hvolft eru börn í þverþjóðlegum fjölskyldum oftast þau fyrstu til að verja og vernda þessa stöðu fjölskyldunnar en á sama tíma eru þau sammála um að þverþjóðlegar fjölskyldur eru ekki draumastaða fyrir börn. Ef þau hefðu úr öðru að velja yrði það að alast upp í þverþjóðlegri fjölskyldu ekki fyrir valinu. Fremur myndu þau kjósa heimilshald sem gerir ráð fyrir meiri nánd fjölskyldumeðlima, að fjölskyldan verji meiri tíma saman og vinátta skapist (Parreñas, 2005).

Hér á eftir verður fjallað ítarlegar um hver munurinn er á upplifun og áhrifum á börnin þegar annars vegar faðirinn flytur búferlum vegna atvinnu og hins vegar móðirin.

4.2.1 Feður í burtu

Viðbrögð við aðskilnaði geta verið misjöfn eftir kyni bæði barns og foreldris (Schapiro og fl., 2013). Tímabundin fjarvera foreldra getur leitt til tilfinningalegrar fjarlægðar milli fjölskyldumeðlima og þar að auki veldur langur aðskilnaður frá brottfluttu foreldri auknum tengslum við foreldrið sem er til staðar en um leið minnka tengslin við það foreldri sem er í burtu (Matyjas, 2011). Tvær suður-amerískar rannsóknir sýndu að aukinn hegðunarvandi hjá strákum orsakaðist af því að feður þeirra voru í burtu. Synir feðra frá Ekvador urðu mjög taugaóstyrkir sem er talið menningarlegt sjúkdómsmynstur kvíða og þunglyndis en það tengist venjulega fullorðnum einstaklingum. Mexíkósk

rannsókn sýndi auknar áhyggjur hjá drengjum þegar feður þeirra voru í burtu sem var forsenda fyrir þeim þrýstingi er varðar búferlaflutninga þeirra í framtíðinni. Þeir sáu fyrir sér að þeir þyrftu á einhverjum tímapunkti sjálfir að flytja frá fjölskyldum sínum en það olli þeim miklum áhyggjum (Schapiro og fl., 2013).

Í filippeyskum fjölskyldum þar sem feður hafa flutt frá börnum sínum vegna atvinnu hefur í sumum tilvikum myndast ákveðið bil þeirra á milli. Börnin upplifa tilfinningalega fjarlægð frá föður sem býr og starfar erlendis. Um slíkt bil er ekki talað þegar aðskilnaður við móður á sér stað. Þrátt fyrir bilið líta börnin ekki á fjarlægðina sem óbætanlegan tíma. Þau vilja fremur bæta úr sambandinu seinna meir en gera sér grein fyrir því að það getur tekið tíma þegar þau loks sameinast foreldrinu á ný (Parreñas 2005).

Mörg börn frá Filippseyjum líta svo á að agi sem faðir beitir úr fjarlægð sé venjan í þverþjóðlegum fjölskyldum. Það getur skilið eftir sig sáran blett og ósjálfrátt eykur það tilfinningalegt bil milli barns og föðurs. Bilið sem um ræðir hér að ofan lýsir sér í aðstæðum sem eru óþægilegar og pínlegar og börnin verða óróleg. Það gerir það að verkum að opin samskipti milli barns og föðurs verða erfiðari en ella. Börnin tala um að þau fari hjá sér og séu feimin loks þegar þau eru í kringum feður sína. Eins og kom fram hér að framan telja flest börn þó að hægt sé að minnka og jafnvel laga bilið sem myndast við þessar aðstæður. Að eyða tíma saman og gagnkvæm viðleitni til meiri samskipta gæti lagað vandamál milli barna og feðra í þverþjóðlegum fjölskyldum (Parreñas, 2005).

Rannsóknir sem gerðar hafa verið á fjarveru feðra í þverþjóðlegum fjölskyldum hafa sýnt mismunandi áhrif á syni og dætur. Mikilvægt er að feður séu til staðar í lífi dætra sinna því þeir leika stórt hlutverk við að móta og skapa sjálfstraust þeirra. Fjarvera föður getur því bæði haft skammtíma og langvarandi áhrif á líf stúlkanna. Drengir sem alast upp við aðskilnað frá föður sínum upplifa oft ákveðinn skort á fyrirmynd í lífinu því foreldrar þjóna einnig fyrirmyndarhlutverki fyrir börnin sín. Enn fremur sýna rannsóknir að feður hafi góð áhrif á metnað barna þegar kemur að vilja þeirra til að afreka í lífinu á sviði menntunar og annarra þátta og því sé nærvera feðra heillavænleg fyrir þróun tilfinninga og siðferðislega dómgreind barnanna (Matyjas, 2011).

4.2.2 Mæður í burtu

Oftast kemur það í hlut móður að viðhalda viðeigandi samskiptum milli fjölskyldumeðlima og gildum fjölskyldunnar og þróa áfram fjölskylduhefðir. Stúlkur sem alast upp án mæðra sinna eru stundum ekki að fullu undirbúnar fyrir framtíðina sem eiginkonur eða mæður en það stafar af því að þær skortir viðeigandi hegðunarmynstur sem þær geta fylgt. Drengir sýna aftur á móti erfiðleika við að tjá tilfinningar sínar og eiga það til að loka sig af tilfinningalega (Matyjas, 2011).

Í rannsókn Rachel Salazar Parreñas (2005) á börnum í þverþjóðlegum fjölskyldum frá Filippseyjum kom í ljós að börn mæðra sem flytja búferlum horfast í augu við aukna erfiðleika, óháð tímalengd aðskilnaðarins og stéttarstöðu fjölskyldunnar, fremur en börn feðra sem flytja búferlum. Samkvæmt börnunum sjá feður ekki um jafn mikla tilfinningalega umönnun og mæður í fjölskyldum þar sem mæður er í burtu. Það hlutverk fellur því oft í hlut til dæmis elstu systranna, amma eða annarra kvenna í stórfjölskyldunni. Oft er það svo í þverþjóðlegum fjölskyldum þar sem móðirin er í burtu að feðurnir sem eftir eru með börnunum taka ekki aukinn þátt í eða bera aukna ábyrgð á heimilishaldinu, þrátt fyrir aukin efnahagsleg framlög mæðranna til fjölskyldunnar.

Parreñas (2005) fjallar um skylduræknu dæturnar (e. dutiful daughters) í rannsókn sinni þar sem fram kemur að elstu dæturnar í þverþjóðlegum fjölskyldum gegna miklu hlutverki á heimilinu, sérstaklega í fjölskyldum þar sem móðirin hefur flust búferlum. Þær aðstoða yngri systkini sín með heimavinnuna, hjálpa til við að gera þau klár fyrir skólann á morgnana og elda matinn. Þær sinna fleiri heimilisstörfum en feðurnir og upplifa sig oft í þeirri stöðu að þurfa að sinna meiru en þær ráða við og að vinna þeirra á heimilinu sé þungbær. Þær upplifa róttækar breytingar á daglegu lífi og skyndilega skerðingu á lífsgæðum. Þessar breytingar eru sérstaklega miklar fyrir dætur sem koma frá fátækari fjölskyldum þar sem ekki er til fjármagn til að ráða húshjálp á heimilið og feður taka lítinn þátt í heimilishaldinu. Þær upplifa þó ekki allar búferlaflutninga mæðra sinna á neikvæðan hátt. Mörgum þeirra þykir aukin ábyrgð vera merki um þroska og þeim þykir lærdómsríkt fyrir framtíðina að bera svo mikla ábyrgð á heimilinu. Elstu dæturnar takast samt sem áður á við stærri áskoranir þegar mæður þeirra flytjast búferlum en þegar feður þeirra eru í burtu. Á sama tíma finna synir í þverþjóðlegum fjölskyldum fyrir aukinni ábyrgð þegar feður þeirra flytja búferlum en

vinnuálag þeirra er þó yfirleitt ekki nærri jafn mikið og það álag sem dæturnar upplifa. Þessi augljósa verkaskipting kynslóða eftir kyni hefur áhrif á félagsmótun barnanna (Parreñas, 2005).

Fram kemur bæði í rannsókn Parreñas (2005) og í rannsóknum Joanna Dreby, sem sérhæfir sig í innflytjendum, fjölskyldum og börnum, að þegar móðir flytur búferlum hefur það meiri tilfinningaleg áhrif á börnin en þegar faðir flytur (Mazzucato, 2014). Gerðar voru tvær rannsóknir á kínverskum börnum, annars vegar árið 2009 og hins vegar árið 2012, sem styðja þessar niðurstöður. Báðar sýna að kínverskum börnum líður verr þegar móðirin flytur búferlum í samanburði við þegar faðir flytur. Áhrifin á andlega heilsu þeirra eru neikvæð jafnvel þótt börnin sameinist foreldrum sínum á ný erlendis (Liu, Len og Ge, 2009; Wen og Lin, 2012).

Aðrar rannsóknarniðurstöður sýna að ömmur í þverþjóðlegum fjölskyldum hjálpa börnunum við að þróa jákvæðar tilfinningar í garð foreldra sinna. Það gefur til kynna að ættingjar sem verða umönnunaraðilar þegar foreldrar flytja búferlum frá börnunum geti gert gæfumuninn. Ekki benda allar rannsóknir til þess að börn hafi það andlega og líkamlega verr þegar mæður flytja í burtu samanborið við feður. Það sem skiptir máli er lagaleg staða foreldris, hver umönnunaraðilinn er og gæði samskipta milli barna og foreldra, svo og gæði samskipta milli umönnunaraðila og foreldra. Það er því miklivægt að líta einnig til þess hver umönnunaraðilinn er, ekki aðeins hvort foreldrið flytur búferlum, þegar kemur að því að skoða hver áhrif aðskilnaðar á börn í þverþjóðlegum fjölskyldum eru (Mazzucato, 2014).

Hvort sem áhrifin eru jákvæð eða neikvæð er ekki hægt að líta framhjá því að aðstæður barna í þverþjóðlegum fjölskyldum breytast mikið sem getur bæði haft skammtíma- og langtímaáhrif. Eins og fjallað var um í inngangi eru fagmenn á borð við félagsráðgjafa með kunnáttu og fagþekkingu á félagslegum vandamálum og þjálfaðir í að aðstoða einstaklinginn út frá heildarsýn þar sem eintaklingum, fjölskyldum eða hópum er mætt þar sem þeir eru staddir. Hér á eftir verður fjallað um vinnu félagsráðgjafa með fólki í fjölmennningarlegum og þverþjóðlegum aðstæðum.

5 Félagsráðgjöf

Hnattvæðing hefur breytt lífi fólks til frambúðar og haft áhrif á okkar persónulegu samskipti, ákvarðanatökur og daglegt líf. Einnig birtist hún í tækifærum okkar og athafnasemi sem kemur fram í innri tengingu efnahag heimsins, félagslegum stofnunum og ófyrirséðar hreyfingar einstaklinga milli landamæra. Það kemur á óvart hversu lítið hefur verið skrifað um áhrif hnattvæðingar á félagsráðgjafa og þær stofnanir sem þeir vinna fyrir eða hvernig félagsráðgjafarþjónusta er veitt þrátt fyrir aukna vitund um félagsleg vandamál þvert yfir heiminn. Hlutverk félagsráðgjafa hefur ætíð verið að bregðast við félagslegum breytingum og aðstoða fólk við að takast á við nýjar áskoranir og aðlagast nýjum aðstæðum. Þegar flæði fólks milli landa eykst, eins og þróunin hefur verið undanfarið, skapast nýjar aðstæður sem fólk stendur frammi fyrir. Þá er mikilvægt að starfstétt eins og félagsráðgjafar leggi enn meiri áherslu á og fylgist með þróun þeirra þátta er tengjast þverþjóðlegum aðstæðum einstaklinga, fjölskyldna og hópa bæði í starfi og kenngslu (Negi o.fl., 2010).

Þverþjóðleg félagsráðgjöf (e. transnational social work) er fremur nýtt hugtak innan fagstéttarinnar og sambandið milli þverþjóðleika og félagsráðgjafar hefur lítið verið rannsakað. Þverþjóðleg félagsráðgjöf á að aðstoða einstaklinga þvert yfir landamæri og krefst ákveðinnar útsjónarsemi hvað varðar lausn vandamála sem snerta tvö eða fleiri lönd. Sú staðreynd að sífelld fleiri einstaklingar búa við þverþjóðlegar aðstæður þegar kemur að fjölskylduháttum gerir það að verkum að tilvonandi og starfandi félagsráðgjöfum ásamt fræðimönnum á þessu sviði ber siðferðisleg skylda til að hjálpa til við að þróa aðferðir og líkön innan félagsráðgjafar til að svara þörfum þessara einstaklinga (Negi o. fl., 2010). Hins vegar er þverþjóðleg félagsráðgjöf flókið samspil tveggja eða fleiri landa og starfsaðferðir innan hennar eru stutt á veg komnar. Þess vegna verður hér á eftir fjallað nánar um fjölmenningsfélagsráðgjöf en starfshættir innan hennar eru notaðir í starfi félagsráðgjafa með einstaklingum og fjölskyldum sem búa við fjölmenningslegar og þverþjóðlegar aðstæður.

5.1 Fjölmenningarfræðileg úrræði og starfsaðferðir

Eins og áður hefur komið fram upplifa margir einstaklingar sem flytjast á milli landa og skilja fjölskylduna eftir heimalandinu að þeir tilheyri tveimur samfélögum. Annars vegar finnst þeim að þeir tilheyri samfélaginu í heimalandinu og hins vegar því samfélagi sem þeir fluttu til. Aðrir upplifa þá tilfinningu að tilheyra einu samfélagi, því samfélagi sem þeir koma frá, en að þeir búi í öðru (Unnur Dís Skaptadóttir, 2010-b). Í rannsókn Unnar Dísar og Önnu Wojtyńska kom í ljós að þeir innflytjendur á Íslandi sem komu hingað til lands vegna atvinnu voru oft með hugann við heimalandið (Unnur Dís Skaptadóttir og Anna Wojtyńska, 2007). Við þessar aðstæður skapast ákveðin sýn á veruleikann sem nefnd er tvíhliða sýn (e. bifocality). Þeir sem eftir verða í heimalandinu geta líka haft tvíhliða sýn á lífið þar sem þeir eru hluti af þverþjóðlegum lífsstíl og tengjast á margan hátt því landi sem fjölskyldumeðlimurinn flutti til (Vertovec, 2004). Félagsráðgjafar sem vinna með þverþjóðlegum fjölskyldum þurfa að geta skilið og unnið með tvíhliða sýn sem veruleiki margra í þverþjóðlegum fjölskyldum byggist á (Fong, 2004). Sú yfirsýn sem nauðsynleg er til að starfa með þverþjóðlegum fjölskyldum og öðrum minnihlutahópum krefst kenningarlegrar nálgunar og hugmynda til að þróa svokallað menningarnæmi (e. cultural competence) og skilja einstaklingana frá þeirra sjónarhorni (Garcia, 2009; Fong, 2004). Með menningarnæmi er átt við þekkingu og hæfni félagsráðgjafans til að geta unnið með einstaklingum af ólíkum uppruna (Fong 2004). Félagsráðgjafinn þarf að átta sig á og skilja eigin viðhorf, læra um fjölbreytta menningu og kynnast viðhorfum skjólstæðinga sinna ásamt því að geta notað þekkingu sína í starfi með það að markmiði að vera talsmaður þeirra aðila sem hann starfar með (Marsh, 2004). Það er mikilvægt að átta sig á heimi einstaklingsins og fjölskyldu hans og vinna að leið sem skapar grunn að velgengni í starfi með einstaklingum og fjölskyldum (Garcia, 2009).

Félagsráðgjafar sem starfa í broddi fylkingar við að aðstoða einstaklinga sem búa við fjölmenningar- og þverþjóðlegar aðstæður eiga að byggja vinnu sína á hugmyndum um starfsaðferðir út frá menningarlegum bakgrunni einstaklingsins sem felur í sér menningarleg gildi hans og venjur (Furuto, 2004). Félagsráðgjafar notast gjarnan við þrjár starfsaðferðir byggðar á kenningarlegri nálgun þegar unnið er með innflytjendum og fjölskyldum, svo og öðrum hópum. Aðferðirnar eru vistfræðikenningin, styrkleikakenningin og valdefling. Í köflunum hér á eftir verður fjallað nánar um þessar þrjár aðferðir.

5.1.1 Vistfræðikenningin

Vistfræðikenningin hvetur félagsráðgjafann til að íhuga núverandi umhverfi einstaklingsins, bæði nærumhverfi og fjærumhverfi, ásamt lífsaðstæðum sem hann býr við. Það er líka mikilvægt að skoða umhverfi og lífsaðstæður fyrir flutning til að setja í samhengi við og meta núverandi aðstæður og úrlausnarefni einstaklingsins. Félagsráðgjafar þurfa að skoða fleiri þætti eins og menningarleg gildi einstaklingsins, kynslóðaárekstra, tungumálakunnáttu, atvinnu, heilsu og fleira. Einnig þarf að skoða áhrif fyrri reynslu. Þegar unnið er með til dæmis einstaklingum sem hafa flust vegna stríðsátaka eða hamfara þarf að meta þá reynslu og hver áhrifin eru af slíkum upplifunum. Það hvort viðkomandi hefur þjáðst andlega eða líkamlega, misst einhvern nákominn eða skilið einhvern nákominn eftir í heimalandi eru meðal þeirra þátta sem gætu haft áhrif á líf einstaklingsins. Þetta er gert til að öðlast betri skilning á lífi og aðstæðum einstaklingsins svo hægt sé að sinna honum sem best út frá því (Furuto, 2004). Vistfræðinálgunin leggur áherslu á að skilja einstaklingana sem unnið er með og nærumhverfi þeirra, hvaða kerfum einstaklingurinn og fjölskylda hans eru hluti af og þá reynslu sem þeir hafa gengið í gegnum (Garcia, 2009; Furuto, 2004). Fjölskyldum er best sinnt af fagmanni eins og félagsráðgjafa sem hagnýtir almenna þekkingu um fjölskylduna og heimaland hennar, gildi og hefðir, samskiptamynstur fjölskyldunnar ásamt pólitískum, efnahagslegum og félagslegum aðstæðum sem fjölskyldan er von (Furuto, 2004).

Með því að nota aðferð eins og vistfræðikenninguna fær félagsráðgjafinn heildarsýn á aðstæður einstaklingsins eða fjölskyldunnar. Fjölmenningarfræðileg starfsaðferð sem notuð hefur verið innan félagsráðgjafar og nýtist vel til að skapa þessa heildarsýn er menningarnet (d. kulturgrammet) danska félagsráðgjafans Marianne Skytte. Menningarnetið er módel sem félagsráðgjafi getur tekið mið af í starfi með fjölskyldum sem tilheyra þjóðernislegum minnihlutahópum. Módelið útskýrir sértæk menningargildi fjölskyldunnar og tekur mið af kringumstæðum á borð við efnahag og í tilfelli þverþjóðlegra fjölskyldna hvernig fjölskylduformið virkar. Menningarnetið er verkfæri félagsráðgjafans til að greina vanda hjá einstökum fjölskyldumeðlimum svo og fjölskyldunni sem heild. Menningarnetinu skiptir Skytte upp í tólf atriði eða þætti sem félagsráðgjafinn þarf að huga að í starfi sínu. Þeir eru meðal annars hversu lengi fjölskyldan hefur verið í stöðu þverþjóðlegrar fjölskyldu, hversu lengi

fjölskyldumeðlimurinn hefur búið í móttökulandinu og hvort hann hafi verið búsettur í öðru landi áður. Einnig þarf að líta til þess á hvaða aldri og lífsskeiði hver fjölskyldumeðlimur er, hverjar helstu ástæður búferlaflutninganna voru og í tilfellum þverþjóðlegra fjölskyldna hvort óskað sé eftir sameiningu í náinni framtíð. Spurt er hvaða möguleikar séu á því að heimsækja fjölskyldu og ættingja í heimalandinu, hver einkenni flutninganna frá heimalandinu séu og hvort flutningurinn sé endanlegur eða tímabundinn. Loks þarf félagsráðgjafinn að fá að vita hvernig tengslin eru innan fjölskyldunnar og hvar allir búa (Skytte 2007).

Menningarnetið er mikilvæg starfsaðferð fyrir félagsráðgjafa til að greina bæði fjölskyldur í heild og ákveðna fjölskyldumeðlimi svo hægt sé að vinna á sem farsælastan máta að aðlögun við breyttar aðstæður. Næstu starfsaðferðir sem fjallað er um eru aðferðir sem mikilvægt er að nota í framhaldi af vistfræðikenningunni.

5.1.2 Styrkleikakenningin

Styrkleikakenningin er starfsaðferð félagsráðgjafa í starfi með einstaklingum og fjölskyldum sem hvetur félagsráðgjafann til að finna og nýta styrkleika og bjargir skjólstæðingsins til að aðstoða hann við að ná markmiðum sínum. Mikilvægt er að einblína á að virkja styrkleika einstaklingsins fremur en að dvelja við vandamál, veikleika, veikindi eða mistök. Styrkleikakenningin stuðlar að heildarnálgun og samkvæmt henni er nauðsynlegt að vinna með skjólstæðingum en á sama tíma vera þeirra fulltrúi við að þróa úrlausnir og finna viðeigandi úrræði. Hver einstaklingur, hópur, fjölskylda eða samfélag hefur sína styrkleika þrátt fyrir að stundum virðist í fyrstu erfitt að koma auga á þá. Styrkleikarnir byggja á því sem einstaklingar hafa lært um sig sjálfa af fyrri reynslu, persónulegum eiginleikum, almennri vitneskju, hæfileikum og menningu. Í stað þess að spyrja fjölskyldu þeirrar spurningar hvað sé að eða af hverju ákveðin vandamál séu til staðar ætti fremur, samkvæmt styrkleikakenningunni, að spyrja hverjir séu styrkleikar fjölskyldunnar sem geti hjálpað til í breyttum aðstæðum (Furuto, 2004).

Misjafnt er hversu mikinn utanaðkomandi stuðning hver og einn hlýtur þegar kemur að breytingum í lífi hans en það er mikilvægt að vera meðvitaður um þann stuðning sem maður fær. Það er ekki síður mikilvægt að félagsráðgjafinn fái vitneskju um það ef um utanaðkomandi stuðning er að ræða til að aðstoða skjólstæðinginn við að sækja stuðning og styrk þar áfram. Stuðningsnet getur verið allt frá fjölskyldu og vinum

til samfélags- og trúarhópa sem styrkja einstaklinginn og fjölskyldu hans í breyttum aðstæðum (Garcia, 2009). Í framhaldi af starfsaðferðum styrkleikakenningarinnar notast félagsráðgjafar við valdeflingu þar sem markvisst er reynt að hjálpa skjólstæðingnum að ná betra valdi á eigin aðstæðum. Næst verður því fjallað um valdeflingu og hvað felst í þeirri nálgun.

5.1.3 Valdefling

Valdefling er algeng starfsaðferð innan félagsráðgjafar sem notuð hefur verið til að hjálpa fólki til sjálfshjálpar (Furuto, 2004). Valdefling stuðlar að félagslegri réttsýni og stuðningi, tekst á við félagslegt vald einstaklingsins, samræmir breytingar og fer fram á persónulegum, félagslegum og pólitískum nótum. Valdefling stuðlar að gagnrýnni hugsun og þróun áætlaða, úrræða og hæfni einstaklingsins til að ná persónulegum og sameiginlegum markmiðum. Þessi aðferð dregur úr einangrun og sjálfsvanmati einstaklinga og fjölskyldna (Garcia, 2009). Fólk getur fundið fyrir varnarleysi í margs konar aðstæðum en oftast eru það einstaklingar sem tilheyra minnihlutahópum eins og til dæmis innflytjendur sem hafa þörf fyrir valdeflingu. Þá er mikilvægt að vinna með einstaklingum til að auka persónulegt, félagslegt og pólitískt vald þeirra og hjálpa þeim að ná betri stjórn á lífaaðstæðum sínum. Vald er til í margs konar myndum og getur haft áhrif á ákvarðanatöku, þjónustu og stjórn á aðstæðum og virkjað fólk til að taka ákvarðanir (Furuto, 2004).

Eins og fram hefur komið fer hópur þverþjóðlegra fjölskyldna ört vaxandi víðsvegar um heim. Vinna með þverþjóðlegum fjölskyldum krefst sérstakrar vinnuaðferðar sem byggir á styrkleikum við að leysa vandamál sem geta skapast þegar einstaklingar og fjölskyldur bindast tveimur mismunandi löndum á ólíkan hátt (Mcnutt, 2010: Hunter, Lepley og Nickles, 2010). Mikilvægt er að byrja að vinna með einstaklingum og fjölskyldum út frá styrkleikakenningunni og hjálpa þeim að finna eigin styrkleika og í framhaldi af því nýta þessa styrkleika til að valdefla viðkomandi og hjálpa honum að þróa með sér betri stjórn á aðstæðum sínum og fjölskyldunnar (Furuto, 2004).

6 Þverþjóðleg staða á Íslandi

Atvinna hefur verið aðalástæðan fyrir búferlaflutningum til Íslands þó að fjölskyldusameining og háskólanám sé einnig mikilvægur þáttur. Þegar einstaklingur sækist eftir atvinnu á Íslandi er markmiðið yfirleitt að bæta líf sitt og fjölskyldunnar en á Íslandi er hægt að þéna margfalt meira en býðst í mörgum öðrum löndum. Margir framlengja dvöl sína á Íslandi og hafa jafnvel fengið fjölskyldumeðlimi til sín. Árið 1996 voru innflytjendur 2% af þeim sem búsettir voru á Íslandi en árið 2004 var talan komin upp í 4% og 9% árið 2007. Í dag koma langflestir innflytjendur frá Evrópu og Pólverjar eru þar í miklum meirihluta. Þar á eftir koma flestir frá Asíuríkjum og þar af eru flestir frá Filippseyjum (Ólöf Garðarsdóttir, Guðjón Hauksson og Helga Tryggvadóttir, 2009; Hagstofa Íslands, 2014).

Í fyrstu var mest eftirspurn hér á landi eftir starfsfólki í fiskiðnaði en einnig hefur vantað starfsfólk í þjónustustörf á borð við ræstingar og umönnun. Þessi störf voru aðallega talin kvennastörf svo að í fyrstu voru konur í meirihluta þeirra sem fluttust til Íslands vegna atvinnu. Eftir aldamótin 2000 varð mikil aukning á eftirspurn eftir störfum í byggingariðnaðinum og hingað streymdu karlar í leit að byggingarvinnu. Í kringum 2004 voru konur ekki lengur í meirihluta innflytjenda á Íslandi heldur voru karlarnir orðnir fleiri (Unnur Dís Skaptadóttir, 2010-b).

Heimsbyggðin hefur gengið í gegnum efnahagskreppu á síðustu árum sem hefur haft í för með sér samdrátt í mörgum atvinnugreinum sem byggðar eru að miklu leyti á erlendu vinnuafli. Efnahagskreppan hefur haft þær afleiðingar að vegna minnkandi atvinnu hefur dregið úr fólksflutningum víða um heim og margir hafa snúið aftur til síns heimalands. Þær aðstæður sem sköpuðust vegna efnahagskreppunnar á Íslandi voru til að mynda aukið atvinnuleysi og gengisfall íslensku krónunnar sem olli því að aðstæður aðfluttra á Íslandi versnuðu. Þrátt fyrir að margir hafi snúið aftur til síns heimalands er grasið ekki ávallt grænna hinum megin og fólk snéri oft til baka í erfiðar aðstæður, atvinnuleysi og kröpp kjör. Áhrif efnahagskreppunnar fundust finna víða um heim þar sem hún var hnattræn en hér á landi kusu margir aðfluttir að dvelja áfram og setjast hér að (Unnur Dís Skaptadóttir, 2010-a).

Í grein sinni fjalla Anna Wojtyńska og Malgorzata Zielińska um niðurstöður úr rannsókn á afleiðingum efnahagshrunsins á Íslandi í október 2008 en þá jókst

atvinnuleysi hér á landi. Á árunum fyrir hrún varð gríðarleg aukning á streymi erlends vinnuafis til landsins, sérstaklega í byggingariðnaðinum sem var með fyrstu atvinnugreinunum sem fundu fyrir áhrifum atvinnuleysis eftir hrún. Í apríl 2010 voru Pólverjar 9% af atvinnulausum á Íslandi og næstum því 60% af öllum atvinnulausum útlendingum á Íslandi (Wojtyńska og Zielińska, 2010).

Á árunum 2005–2008 fjölgaði innflytjendum frá Póllandi á Íslandi gríðarlega, aðallega vegna aukinna atvinnutækifæra og hærri launa á Íslandi en gengur og gerist í Póllandi. Við þessar aðstæður urðu til margar þverþjóðlegar fjölskyldur en fjöldi Pólverja sendi peninga til fjölskyldna í Póllandi. Í lok árs 2008 varð mörgum innflytjendum á Íslandi ljóst að ástandið var ekki jafn stöðugt og þegar þeir komu til landsins. Eins og áður hefur komið fram voru Pólverjar stór hluti þeirra innflytjenda sem urðu atvinnulausir og því stóðu margir á krossgötum og þurftu að ákveða hvort þeir ættu að halda áfram lífi sínu á Íslandi þrátt fyrir atvinnuleysi og áhættu eða halda aftur heim til Póllands (Wojtyńska og Zielińska, 2010). Þeir sem ákváðu að halda lífi sínu áfram á Íslandi þrátt fyrir efnahagshrunið og allt sem því fylgdi voru þeir einstaklingar sem höfðu eignast heimili á Íslandi fyrir hrún, þeir sem höfðu hlotið íslenskan ríkisborgararétt eða þeir sem höfðu gifst íslenskum ríkisborgurum. Einnig héldu margir vinnunni og voru því ekki undir neinum þrýstingi að yfirgefa landið. Auk þess var brottflutningur frá Íslandi ekki hagstæður valmöguleiki í augum allra og margir hikuðu við að flytja aftur í það ástand sem fékk þá til að flytja í burtu á sínum tíma. Þessir þættir eiga ekki aðeins við um innflytjendur á Íslandi heldur alls staðar í heiminum. Persónulegir erfiðleikar í heimalandi eða félagsmenningarlegar aðstæður eru þættir sem fá fólk til að flytja ekki til baka til heimalandsins (Wojtyńska og Zielińska, 2010).

Í rannsókn Unnar Dísar (2010-b) á sameiningu og fjölþjóðlegum venjum Filippseyinga á Íslandi kom fram að margir af þeim sem flutt hafa hingað frá Filippseyjum hafa alist upp í þverþjóðlegum fjölskyldum þar sem foreldrar eða aðrir ættingjar hafa unnið erlendis og sent fé heim til fjölskyldunnar. Næstum allir þátttakendurnir í rannsókn Unnar Dísar sendu peninga heim til ættingja sinna og peningarnir voru notaðir í sama tilgangi og áður hefur komið fram, til að fjárfesta í betra húsnæði, betri heilbrigðisþjónustu og betri menntun. Meirihluti Filippseyinga á Íslandi hefur sest að hér á landi og fáir gera ráð fyrir því að flytja aftur til Filippseyja í náinni

fram tíð. Helmingurinn af þeim sem fæddir eru á Filippseyjum en búsettir á Íslandi hafa íslenskan ríkisborgararétt og meirihlutinn af hinum helmingnum hefur ekki búið á Íslandi í sjö ár en það er tíminn sem veitir fólki rétt til að sækja um íslenskan ríkisborgararétt. Margir hafa aðstoðað ættingja sína við að fá vinnu á Íslandi og þannig reynt að sameina stórfjölskylduna. Árið 2004 voru hins vegar samþykkt lög hér á landi sem gáfu Evrópubúum forgang á íslenska atvinnumarkaðinum. Lagasetningin hafði mikil áhrif á Filippseyinga en samkvæmt lögnum var aðeins mögulegt að ráða fólk utan Evrópu til starfa ef ekki var hægt að finna starfsfólk frá Íslandi eða innan Evrópusambandsins eða Evrópska efnahagssvæðisins. Afleiðingarnar af þessum lögum voru að lítill sem enginn möguleiki varð fyrir Filippseyinga á Íslandi að hjálpa ættingjum við að fá vinnu hér á landi.

Í skýrslu Ólafar Garðarsdóttur er gerð grein fyrir tölum um fólksflutninga til og frá Íslandi á tímabilinu 1961–2011. Slíkir fólksflutningar hafa haft mikilvæg áhrif á fólksfjöldasögu landsins frá miðjum sjöunda áratug 20. aldar. Á samdráttarskeiðum efnahagslífsins hefur skapast ákveðið mynstur í fólksflutningum á Íslandi. Við hrun síldarstofnsins á árunum 1967–1968 dró mikið úr þjóðarframleiðslu og fram til 1970 var fólksflutningsjöfnuður á Íslandi -7,7 af hverjum 1000 íbúum. Það ár fluttu um 1.800 manns búferlum frá Íslandi og afar fáir fluttu til landsins. Á nýjasta samdráttarskeiði Íslendinga sem hófst við efnahagshrunið síðari hluta árs 2008 sýna tölur Hagstofunnar svipaðar niðurstöður. Árið 2009 fluttu nálægt 5000 manns í burtu frá landinu en aðeins tæplega 2500 manns fluttu til baka (Ólöf Garðarsdóttir, 2012). Af þeim íslensku ríkisborgurum sem fluttu af landi brott í kjölfar efnahagshrunsins hélt tæpur þriðjungur til Noregs. Flutningur frá Íslandi til Noregs hefur viðhaldist síðan en árið 2012 fluttust flestir íslenskir ríkisborgarar til Noregs eða 1.395 (Mbl.is, 2013; Hagstofa Íslands, 2013). Í rannsókn Guðbjartar Guðjónsdóttur var horft til reynslu Íslendinga sem flust hafa til Noregs í leit að atvinnu í kjölfar efnahagshrunsins. Með rannsókninni vildi hún beina sjónum að innflytjendahópi sem lítill athygli hefur beinst að hingað til. Þeir einstaklingar sem fluttust til Noregs líta oft á sig sem farandverkafólk og líkja sér við Pólverjana sem komu til Íslands vegna atvinnu. Aðrir telja aftur á móti að ekki sé hægt að líkja þessum tveimur aðstæðum saman. Þeir upplifa sig ekki sem útlendinga eða innflytjendur í Noregi heldur telja sig eiga heima þar (Mbl.is, 2013).

Veruleikinn á Íslandi þegar kemur að þverþjóðleika er ekki einsleitur, það eru ekki aðeins erlendir ríkisborgarar sem flytja hingað og skapa þverþjóðleg tengsl heldur skapa Íslendingar einnig þverþjóðleg tengsl með búferlaflutningum til útlanda. Noregur hefur ávallt verið okkur Íslendingum nærstætt land, ekki aðeins landfræðilega séð heldur einnig félagslega og menningarlega. Í samfélagsumræðunni undanfarið hefur það verið nefnt fyrirheitna landið en framleidd var íslensk heimildarmynd með þeim titli þar sem Íslendingar sem flutt höfðu til Noregs voru leitaðir uppi og rýnt í ástæður þeirra og spurt hvort ný heimkynni hefðu staðið undir væntingum. Þeir aðilar sem talað var við voru allir á sama máli um að aðstæður væru þegar á heildina er litið betri í Noregi. Um var að ræða ýmist heilar fjölskyldur sem flutt höfðu saman frá Íslandi eða einstaklinga sem fluttu einir í ákveðinn tíma og sameinuðust svo fjölskyldum sínum í Noregi (Eggert Gunnarsson).

Samkvæmt því sem komið hefur fram í þessum kafla er ljóst að þverþjóðleg tengsl hjá Íslendingum erlendis eru að aukast og mikilvægt er fyrir faglega starfsstétt eins og félagsráðgjöf að auka rannsóknir, þekkingu og fræðslu fyrir fagaðila og almenning um það efni.

7 Umræður og lokaorð

Þverþjóðlegar fjölskyldur eru útbreitt og algengt fyrirbæri. Þær einkennast af því að annað foreldri eða báðir foreldrar flytja búferlum, í skemmri eða til lengri tíma, vegna atvinnu og skilja börnin sín eftir í umsjá annarra umönnunaraðila. Oftast er það svo að foreldrið sem ekki flytur í burtu sér um börnin og heimilið en þegar báðir foreldrar flytja eru börnin oftast í umsjá ættingja eða utanaðkomandi aðila. Áður var algengt að karlamenn flyttu búferlum en í dag hafa búferlaflutningar kvenna aukist til muna og þær eru nú næstum því jafn stór hluti slíkra innflytjenda og karlar (United Nations, 2013). Hópur þverþjóðlegra fjölskyldna stækkar ört og þrátt fyrir að rannsóknir á því sviði hafi aukist er mikilvægt að sú þróun haldi áfram til að þekking og fræðsla um þessar fjölskyldur aukist, bæði fyrir fagfólk sem starfar á sviðum tengdum þverþjóðlegum fjölskyldum og fyrir almenning.

Margar ástæður eru fyrir því að foreldrar ákveða að flytja og starfa erlendis í burtu frá börnum sínum og fjölskyldu. Fyrst og fremst er verið að sækjast eftir atvinnu sem veitir töluvert hærra tekjur til að framfleyta fjölskyldunni en mögulegt er að fá í heimalandinu og þess vegna senda brottfluttu fjölskyldumeðlimirnir hluta af tekjum sínum heim til fjölskyldunnar. Með auknum tekjum eru foreldrar að sækjast eftir því að tryggja fjölskyldu sinni farborða, aðgang að betri heilbrigðisþjónustu og kosta menntun barna sinna. Í flestum tilvikum ráðast búferlaflutningar foreldranna af þörfum barnanna en þau eru aðalástæðan fyrir því að foreldrar taka þetta stóra skref.

Rannsóknir sem skoða áhrif aðskilnaðar við búferlaflutninga á þá sem eftir verða í heimalandinu eru fremur nýjar af nálinni. Áður hefur verið einblínt á þær efnahagslegu breytingar sem fjölskyldan gengur í gegnum í kjölfar flutninga, svo og áhrif flutninganna á þann sem flytur búferlum. Markmið þessarar ritgerðar var að skoða áhrif aðskilnaðar á börn í þverþjóðlegum fjölskyldum. Við gerð ritgerðarinnar kom í ljós að börnin verða tvímælalaust fyrir áhrifum af búferlaflutningum foreldra. Áhrifin eru mismikil og ráðast af ýmsum þáttum. Til að mynda hefur komið fram í rannsóknum mikilvægi þess að börnin séu ávallt meðvituð um flutningsferlið sem mun eiga sér stað. Það dragi úr líkum þess að þau upplifi tilfinningalega vanlíðan og að þeim finnist þau vera yfirgefin. Mikilvægt sé að þegar þau hafa aldur og þroska til sé deilt með þeim hver ástæða flutninganna sé, hvert foreldarnir muni flytja og síðast en ekki síst í umsjá hvaða aðila

þau muni vera á meðan. Þannig eiga þau betur möguleika á því að undirbúa sig andlega fyrir aðskilnaðinn sem framundan er og góðar líkur eru á því að það dragi úr tilfinningalegum áhrifum aðskilnaðarins á börnin.

Áhrif aðskilnaðar í þverþjóðlegum fjölskyldum geta verið bæði jákvæð og neikvæð. Neikvæðu hliðar aðskilnaðarins eru fleiri en jákvæðu hliðarnar koma fram í auknu sjálfstæði barnanna, auknum möguleikum á betri lífsgæðum og menntun í framtíðinni, sérstaklega möguleikum á framhaldsmenntun. Flestar neikvæðu hliðar aðskilnaðarins tengjast tilfinningalegum þáttum þar sem börnin upplifa andlega vanlíðan. Þunglyndi, kvíði, áhyggjur og ótti er dæmi um tilfinningar sem börnin upplifa við aðskilnað í þverþjóðlegum fjölskyldum en einkenni áhrifanna tengjast einnig því hvort um er að ræða stúlku eða dreng og hvort móðir eða faðir eru í burtu. Þegar feður flytja búferlum hafa rannsóknir frá Suður-Ameríku sýnt að drengir upplifa kvíða og áhyggjur. Áhyggjurnar tengjast oft á einhvern hátt framtíð drengjanna þar sem þeir sjá fyrir sér að þurfa einnig að flytja búferlum frá fjölskyldu sinni (Schapiro og fl., 2013). Ef þeir upplifa á einhvern hátt vanlíðan sökum þess að faðirinn er fjarverandi ímynda þeir sér ef til vill að þeir muni ekki vilja gera slíkt hið sama og valda sömu tilfinningum hjá eigin börnum í framtíðinni. Á hinn bóginn hafa rannsóknir sýnt að feður hjálpa til við að móta og skapa sjálfstraust dætra sinna og því getur aðskilnaður feðra frá dætrum haft þær afleiðingar að þær skorti sjálfstraust sem getur bæði haft skammtíma og langvarandi áhrif (Matyjas, 2011). Á Filippseyjum upplifa bæði drengir og stúlkur ákveðið tilfinningalegt bil milli sín og föður sem flutt hefur búferlum, bæði í tengslum og samskiptum. Áhugavert er að sjá að slíkt bil á ekki við þegar mæður flytja búferlum. Börnin telja þó að bilið sé ekki óábætanlegt en með því að eyða meiri tíma saman og huga að sameiginlegum markmiðum barns og föðurs er hægt að draga úr bilinu og það getur jafnvel horfið (Parreñas 2005).

Þegar móðir flytur búferlum koma önnur áhrif í ljós. Elstu dæturnar í fjölskyldum á Filippseyjum þurfa að axla aukna ábyrgð þegar móðirin flytur búferlum. Þeirra hlutverk breytist á stuttum tíma og þær hætta að vera einar af börnunum og verða einn af umönnunaraðilum yngri systkina. Oft þurfa þær einnig að sjá um heimilið. Það er misjafnt hvort þær upplifa þessa auknu ábyrgð á neikvæðan eða jákvæðan hátt. Sumar lýsa henni sem skerðingu á lífsgæðum en aðrar upplifa þessa breytingu á jákvæðari hátt

þar sem þeim finnst þær vera nógu fullorðnar og þroskaðar til að vera treyst fyrir þessari ábyrgð sem sett er á herðar þeirra. Þær upplifa aukið sjálfstæði og líta á þetta sem góðan undirbúning fyrir framtíðarhlutverk sem eiginkonur og mæður (Parrenas, 2005). Í evrópskum rannsóknum hafa komið fram niðurstöður sem stangast á við þær sem gerðar voru á fjölskyldum frá Filippseyjum hvað varðar það þegar móðir flytur búferlum. Rannsóknir á evrópskum, stúlkum sýna að þær upplifa sig oft óundirbúnar fyrir framtíðina, bæði sem eiginkonur og mæður, þar sem þær hafa ekki móður sína sem fyrirmynd í þeim efnum (Matyjas, 2011). Hér er hægt að velta vöngum yfir menningarmun milli landa og heimsálfa sem gerir það að verkum að stúlkur upplifa áhrif aðskilnaðar frá móður á ólíka vegu. Rannsóknir hafa sýnt að drengir eiga aftur á móti til að loka sig af tilfinningalega þegar móðir þeirra er í burtu. Þeir upplifa aukna erfiðleika hvað varðar tilfinningalega tjáningu (Matyjas, 2011) en það hefur ef til vill með það að gera að feður sinna ekki jafn mikilli tilfinningalegri umönnun og mæður, eins og fram kemur í rannsóknum á filippeyskum börnum (Parreñas 2005).

Hvort sem um ræðir dreng eða stúlku er aðskilnaður bæði frá móður og föður áhrifaríkur fyrir börnin. Með því að rýna í kenningu Boss um tvírænan missi má öðlast aukinn skilning á líðan barnanna. Þau eru að mörgu leyti að missa annað foreldrið og þegar ferðir heim til að heimsækja fjölskylduna eru dýrar og tímafrekar verður það til þess að oft líður langur tími á milli þess sem fjölskyldan hittist og sameinast. Boss fjallar um tvær tegundir af tvírænum missi. Önnur lýsir sér í því að einstaklingur er líkamlega fjarverandi en andlega til staðar. Slík aðstaða er einkennandi í þverþjóðlegum fjölskyldum og veldur því að börn upplifa oft kvíða því óvissan getur verið mikil (Schapiro o.fl., 2013). Aðskilnaður í þverþjóðlegum fjölskyldum er bæði til skamms tíma og langtíma en sjaldnast er vitað nákvæmlega hvenær fjölskyldan sameinast á ný og þess vegna sjá börnin ekki fyrir endann á aðskilnaðinum. Grunnurinn að vanlíðan barnanna er líklega vegna þess, eins og Boss fjallar um, að börnin sjá ekki fyrir endann á sorgarferlinu eða hvenær missirinn tekur enda.

Annað markmið þessarar ritgerðar var að fjalla um þær starfsaðferðir sem félagsráðgjafar nota við aðstoða einstaklinga, fjölskyldur og hópa í fjölmennningarlegum og þverþjóðlegum aðstæðum. Félagsgjafar eru fagstétt sem býr yfir fræðilegri þekkingu, jafnt sem þekkingu sem byggð er á reynslu, á því að starfa og

vinna með einstaklingum í þessum aðstæðum með það að markmiði að bæta kjör þeirra. Félagsráðgjafar sem vinna út frá fjölmenningarfræðilegum nálgunum notast einna helst við þrjár starfsaðferðir, vistfræðikenninguna, styrkleikakenninguna og valdeflingu. Mikilvægt er að byrja á þeirri starfsaðferð sem vistfræðikenningin býður upp á, því þar er verið að skoða hvar einstaklingurinn er staddur í sínu nær- og fjærumhverfi, á hvaða lífsskeiði hann og fjölskyldan hans er, hvernig aðstæður voru fyrir flutninga og hvernig hann sér fyrir sér framtíðina. Margir félagsráðgjafar nýta sér menningarnet Skytte til að afla nauðsynlegra upplýsinga um einstaklinginn og fjölskyldu hans. Næst er notast við styrkleikakenninguna þar sem styrkleikar einstaklingsins, fjölskyldunnar eða þess sem á í hlut eru dregnir fram með það að markmiði að valdefla einstaklinginn í þeim aðstæðum sem hann stendur frammi fyrir. Allir einstaklingar búa yfir einhverjum styrkleikum og með aðstoð félagsráðgjafa komast þeir að því hverjir styrkleikarnir eru. Valdefling er nálgun félagsráðgjafa til að nýta styrkleika einstaklingsins til að hann geti náð betri stjórn á lífsaðstæðum sínum (Furuto, 2004). Með öllum þessum starfsháttum er markmið félagsráðgjafa ávallt að hjálpa einstaklingum til sjálfshjálpar. Þegar foreldri flytur búferlum frá fjölskyldu sinni til lands sem það er ókunnugt er mikilvægt að við taki félagsleg aðstoð sem félagsráðgjafar á sviði fjölmenningar veita. Það skilar sér örugglega ekki aðeins í breyttum og betri aðstæðum fyrir foreldrið í móttökulandinu heldur smitast velgengni og vellíðan foreldrisins einnig til barnanna og fjölskyldunnar í heimalandinu.

Þverþjóðlegar aðstæður hafa verið staðar á Íslandi í mörg ár og líkt og þróun þverþjóðlegra fjölskyldna um allan heim bendir til færast slíkt fyrirkomulag í aukana. Sökum þess er mikilvægt að starfsemi félagsráðgjafa á Íslandi haldi uppteknum hætti og hugi einnig að rannsóknum og þekkingu á þeim íslensku þverþjóðlegu fjölskyldum sem eru að myndast. Hvort sem um er að ræða búferlaflutninga til Noregs eða annarra landa liggur í augum uppi að börn í þverþjóðlegum fjölskyldum verða fyrir áhrifum af aðstæðunum, íslensk börn jafnt sem erlend.

Í framhaldi af þessari ritgerð væri áhugavert að gera rannsókn á starfi félagsráðgjafa með sjónarhorn barna í þverþjóðlegum fjölskyldum að leiðarljósi þar sem skoðað yrði hverju börnin teldu mikilvægt að huga að þegar kemur að búferlaflutningum foreldra. Kanna mætti hvort huga mætti betur að einhverju í því ferli með það að

markmiði að takmarka þau neikvæðu áhrif sem börnin finna fyrir. Með auknum rannsóknum, sérstaklega á sviði félagsráðgjafar, eykst þekking og færni félagsráðgjafa í vinnu með þverþjóðlegum fjölskyldum og því er mikilvægt að slíkar rannsóknir séu framkvæmdar.

Heimildaskrá

- Bernhard, J.K., Landolt, P. og Goldring, L. (2005). Transnational, multi-local motherhood: Experiences of separation and reunification among Latin American families in Canada [rafræn útgáfa]. *Working paper series*, 40, 1–36.
- Bryceson, D. og Vuorela, U. (2002). Transnational families in the twenty-first century. Í Deborah Bryceson og Ulla Vuorela (ritstjórar), *The transnational family: New European frontiers and global networks* (bls. 3–30). New York: Berg.
- Eggert Gunnarsson (framleiðandi). (2015) Fyrirheitna landið? Íslenskar fjölskyldur í Noregi [Heimildarmynd]. Immi production.
- Embætti landlæknis. (e.d.). *Síðareglur félagsráðgjafa*. Sótt 19. mars 2015 af <http://www.landlaeknir.is/gaedi-og-efartil/heilbrigdisstarfsfolk/starfsleyfi/sidareglur/item13340/>
- Fong, R. (2004). Contexts and Environments for Culturally Competent Practice. Í Rowena Fong (ritstjóri). *Culturally Competent Practice with Immigrant and Refugee Children and Families* (bls. 39–59). New York: The Guilford Press.
- Furman, R., Negi, N., Schatz, C.S. og Jones, S. (2008). Transnational social work: using a wraparound model [rafræn útgáfa]. *Global Networks*, 8(4), 496–503.
- Furuto, S.B.C.L., (2004). Theoretical perspective for culturally competent practice with immigrant children and families. Í Rowena Fong (ritstjóri). *Culturally competent practice with immigrant and refugee children and families* (bls. 19–38). New York: The Guildford Press.
- Garcia, B. (2009). Theory and Social Work Practice with Immigrant Population. Í F. Chang-Muy og E. P. Congress (ritstjórar), *Social Work with Immigrants and Refugees* (bls. 79–101). New York: Springer
- Hagstofa Íslands. (2014). *Mannfjöldi eftir fæðingarlandi, kyni og aldri 1. janúar 1998–2014*. Sótt 23. mars 2015 af [http://www.hagstofa.is/?PageID=2593&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Di
alog/varval.asp?ma=MAN12103%26ti=Mannfj%F6ldi+eftir+f%E6%F0ingarlandi%
2C+kyni+og+aldri+1%2E+jan%FAar+1998%2D2014%26path=./Database/mannfj
oldi/Faedingarland/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi](http://www.hagstofa.is/?PageID=2593&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=MAN12103%26ti=Mannfj%F6ldi+eftir+f%E6%F0ingarlandi%2C+kyni+og+aldri+1%2E+jan%FAar+1998%2D2014%26path=./Database/mannfjoldi/Faedingarland/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi)
- Hagstofa Íslands. (2013). *Brotflutningar 2012*. Sótt 5. apríl 2015 af <http://www.hagstofa.is/Pages/95?NewsID=9555>
- He, B., Fan, J., Liu, N., Li, H., Wang, Y., Williams, J. og Wong, K. (2012). Depression risk of left-behind children in rural China [rafræn útgáfa]. *Psychiatry Research* 200(2–3), 306–212.

- Hunter, C. A., Lepley, S. og Nickles, S. (2010). New practice frontiers: Current and future social work with transmigrants. Í N. J. Negi og R. Furman (ritstjórar). *Transnational social work practice* (bls. 222–241). New York: Columbia University Press.
- Karraker, M. W. (2007). *Global families. Families in the Twenty-First Century* (2. bindi). Minnesota: Pearson: Allyn and Bacon.
- Liu, Z., Li, X. og Ge, X. (2009). Left too early: the effects of age at separation from parents on Chinese rural children's symptoms of anxiety and depression [rafræn útgáfa]. *American Journal of Public Health* 99(11), 2049–2054.
- Lulle, A. og Assmuth, L. (2013). Families on the move in Europe: Children's perspectives [rafræn útgáfa]. *Siirtolaisuus-Migration*, 3, 3–10
- Marsh, J.C. (2004). Social work in a multicultural society [rafræn útgáfa]. *Social Work*, 49(1), 5–6.
- Matyjas, B. (2011). Euro-orphanhood - A new dimension of Childhood in Migrating families. Í Stanislaw Juszczak (ritstjóri) [rafræn útgáfa]. *The New educational review*, 25(3): 31–41. Wydawnictwo Adam Marszałek.
- Mazzucato, V. (2014). Transnational families and the well-being of children and caregivers who stay in origin countries [rafræn útgáfa]. *Social Science and Medicine*, 1–7.
- Mbl.is. (2013). *Íslendingar í forréttindastöðu í Noregi*. Sótt 5. apríl 2015 af http://www.mbl.is/frettir/innlent/2013/11/03/islendingar_i_forrettindastodu_3/
- Mcnutt, J. G. (2010). Using internet technology for transnational social work practice and education. Í N. J. Negi og R. Furman (ritstjórar). *Transnational social work practice* (bls. 176–190). New York: Columbia University Press.
- Negi, N. J., Furman, R. og Salvador, R. B. (2010). An introduction to transnational social work. Í N. J. Negi og R. Furman (ritstjórar). *Transnational social work practice* (bls. 3–19). New York: Columbia University Press.
- Ólöf Garðarsdóttir, Guðjón Hauksson og Helga Tryggvadóttir. (2009). *Innflytjendur og einstaklingar með erlendan bakgrunn 1996–2008. Hagtíðindi, 1*. Reykjavík: Hagstofa Íslands.
- Ólöf Garðarsdóttir. (2012). *Fólksflutningar til og frá Íslandi 1961–2011 með áherslu á flutninga á samdráttarskeiðum*. Reykjavík: Velferðarráðuneytið.

- Parreñas, R. S. (2001). Mothering from a distance: Emotions, gender, and inter-generational relations in Filipino transnational families. *Feminist studies*, 27(2), 361–391.
- Parreñas, R. S. (2005). *Children of Global Migration. Transnational Families and Gendered Woes*. California: Stanford University Press.
- Schapiro, N.A., Kools, S.M., Weiss, S.J. og Brindis, C.D. (2013). Separation and reunification: The experiences of adolescents living in transnational families [rafræn útgáfa]. *Current Problems in Pediatric Adolescent Health Care*. 43 (3), 48–68.
- Schmalzbauer, L. (2008). Family divided: the class formation of Honduran transnational families [rafræn útgáfa]. *Global Networks*, 8(3), 329–346.
- Skytte, M. (2007). *Etniskemminoritetsfamilier og socialt arbejde* (3. útgáfa). Ósló: GyldendalAkademisk.
- United Nations (2013). *Department of Economic and Social Affairs, Population Division, Trends in International Migrant Stock: the 2013 Revision*. Sótt 20. febrúar 2015 af <http://www.un.org/en/development/desa/population/publications/pdf/migration/migration-wallchart2013.pdf>
- Unnur Dís Skaptadóttir og Anna Wojtyńska. (2007). Líf á tveimur stöðum: Vinna eða heimili. Reynsla fólks sem komið hefur til starfa á Íslandi [rafræn útgáfa]. Í Gauti Kristmannson og Ólafur Rastrick (ritstjórar), *Ritið: Tímarit Hugvísindastofnunar*, 2–3, (bls. 79–93).
- Unnur Dís Skaptadóttir. (2010-a). Alþjóðlegir fólksflutningar á tímum efnahagslegs samdráttar [rafræn útgáfa]. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar). *Rannsóknir í félagsvísindum XI* (bls. 314–322). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Unnur Dís Skaptadóttir. (2010-b). Integration and transnational practice of Filipinos in Iceland. *Emigrinter*, n°5, 36–45. Sótt 21. mars 2015 af http://www.mshs.univ-poitiers.fr/migrinter/e-migrinter/201005/e-migrinter2010_05_036.pdf
- Vertovec, S. (1999). Conceiving and researching transnationalism [rafræn útgáfa]. *Ethnic and Racial Studies*, 22(2), 447–461.
- Vertovec, S. (2004). Migrant Transnationalism and Modes of Transformation [rafræn útgáfa]. *International Migration Review*, 38(3), 970–1001.
- Vinnuverndarstofnun Evrópu. (e.d.). *Farandverkamenn*. Sótt 16. apríl 2015 af https://osha.europa.eu/is/priority_groups/migrant_workers

- Vífill Karlsson og Kolfinna Jóhannsdóttir. (2010). Búferlaflutningur kvenna [rafræn útgáfa]. Í Ingjaldr Hannibalsson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum XI* (bls. 235–242). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Wen, M. og Lin, D. (2012). Child development in rural China: children left behind by their migrant parents and children of nonimmigrant families [rafræn útgáfa]. *Child Development*. 83(1), 120–136.
- Wojtyńska, A. og Zielińska, M. (2010). Polish migrants in Iceland facing the financial crisis [rafræn útgáfa]. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum XI* (bls. 1–11). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.